

Fyrirspurn

til félags- og húsnæðismálaráðherra um ferðaþjónustu fatlaðra.

Frá Lilju Rafneyju Magnúsdóttur.

1. Með hvaða hætti fylgist ráðuneytið með því hvort og hvernig ákvæðum 35. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum, er framfylgt af hálfu sveitarfélaganna?
2. Hvaða úrræðum geta fatlaðir einstaklingar beitt ef brotið er á rétti þeirra til ferðaþjónustu af hálfu sveitarfélags?
3. Hvaða úrræðum getur ráðuneytið beitt ef uppvíst verður um brot sveitarfélags gegn rétti fatlaðs einstaklings til ferðaþjónustu?
4. Telur ráðherra þörf á lagabreytingu til að unnt verði að taka á brotum á rétti fatlaðra einstaklinga til ferðaþjónustu? Ef sú er raunin, mun ráðherra þá beita sér fyrir slíkri lagabreytingu?

Skriflegt svar óskast.